

Jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar



I. Inngangur

Jafnréttisstefna kirkjunnar á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Tvöfalda kærleiksboðorðið, Gullna reglan og Litla biblían eru orð fagnaðarindisins sem innihalda undirstöðuatriði kristins boðskapar og fela í sér jafnréttishugsjón.

Kirkjan byggir á þeim grunni sem lagður er af hinum upprisna frelsara. Skírn inn í það samfélag gerir engan greinarmun á konum og körlum. Kirkjan gegnir þess vegna mikilvægu hlutverki í miðlun þess boðskapar. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra jarðarbarna.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi, nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er meðal annars lögð áhersla á að kynjasambætting¹ sé fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Kirkjan mun byggja á því í starfi sínu.²

Jafnframt er tekið mið af því að þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að jafna hlutföll kynjanna í nefndum og ráðum þannig að þar sitji að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur annars vegar til stjórnkerfis kirkjunnar og starfsmanna hennar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

1 Sbr. 2. gr. Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

2 Sbr. 17. gr. Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnaviði þeirra. Hlíf sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

II. Markmið

Markmið jafnréttisstefunnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla í þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum kynjanna til starfa, áhrifa og þjónustu.

Markmiðin eru:

1. Að skapa forsendur fyrir konur og karla í kirkjunni til að njóta þess jafnréttis sem tryggt er í lögum.
2. Að festa kynjasambættingu í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnsýslu kirkjunnar.
3. Að auðvelda leikum og lærðum að móta og skapa aðstæður sem gera jafnréttismál að viðfangsefni allra innan kirkjunnar.
4. Að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar.
5. Að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum.
6. Að tryggja framkvæmd þessara markmiða með framkvæmdaráætlun.

III. Jafnréttisnefnd kirkjunnar – hlutverk

Kirkjuþing kýs fimm fulltrúa í jafnréttisnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara.

Hlutverk Jafnréttisnefndar kirkjunnar er:

1. Að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands og kirkjuráð í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.
2. Að hafa frumkvæði að fræðslu og aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan kirkjunnar.
3. Að fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefunnar fyrir hönd biskups og kirkjuráðs og gera tillögu til kirkjuráðs um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar til þriggja ára í senn, skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008³.
4. Jafnréttisnefnd starfar í samstarfi við jafnréttisfulltrúa kirkjunnar. Biskup Íslands skipar jafnréttisfulltrúann og setur honum erindisbréf að fengnum tillögum frá jafnréttisnefnd.
- 3 *„Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Framkvæmdaáætlun skal fylgja jafnréttisáætluninni eða starfsmannastefnu en hvort tveggja skal endurskoðað á þriggja ára fresti“.*

Framkvæmdaáætlun fyrir árin 2015-2017

1. JAFNRÉTTISFRÆDSLÁ

Kirkjan mun standa fyrir fræðslu um kynjasambættingu sem felur í sér að skipuleggja, bæta, þróa, og leggja mat á stefnumótun og ákvarðanir þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé fléttað inn í starf kirkjunnar á öllum sviðum hennar. Einnig mun kirkjan stuðla að því að kynjasambætting verði þáttur í endurmenntun þeirra sem fyrir kirkjuna starfa. (Sbr. markmiðsgrein Jafnréttislaga nr. 10/2008 og 6. mgr. 2. gr.⁴ og 17. gr.⁵)

Verkefni 1. 1: Tekið verður mið af kynjasambættingu í fræðslustarfi kirkjunnar, námskeiðum og við útgáfu efnis. Lögð verði áhersla að ná til ákveðinna hópa á tímabilinu með þessa fræðslu.

Ábyrgð: Þjónustusvið Biskupsstofu og prófastar. Tengiliður: Jafnréttisfulltrúi

Tímamörk: Árið 2015: Áhersla á fræðslu sóknar- og valnefnda.

Árið 2016: Áhersla verði á fræðslu barna- og unglinga innan kirkjunnar t.d. hvar/ hverjar eru konurnar í Biblíunni og konurnar í siðbótinni íslenskar sem erlendar.

Árið 2017: Áhersla á fræðslu starfsfólks kirkjunnar, vígðra sem óvígðra.

Verkefni 1. 2: Jafnréttisnefnd haldi úti virkri heimasíðu þar sem aðgengilegar eru upplýsingar um tölfræði og annað sem tengist jafnréttismálum.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Sístætt verkefni.

4 2. gr. „**Sértækar aðgerðir:** Sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafni stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Þar getur þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.“

5 17. gr. „Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.“

2. MÁLFAR

Kirkjan skal í boðun sinni, helgihaldi og fræðslu gæta þess að höfðað sé til beggja kynja.

Verkefni 2.1: Horft verði til þessara sjónarmiða við gerð nýrrar handbókar og sálmaþóka.

Ábyrgð: Helgisiðanefnd, handbókarnefnd, sálmaþókarnefnd.

Tímamörk: Við útkomu bókana.

Verkefni 2.2: Í öllu efni sem kirkjan gefur út skal höfða til beggja kynja.

Ábyrgð: Þjónustusvið Biskupsstofu og prófastar. Jafnréttisfulltrúi geri athugasemdir ef að útaf ber.

Tímamörk: Haustið 2015

Verkefni 2.3: Prestar og starfsfólk kirkjunnar sem koma að boðun og fræðslu skulu huga að ábyrgð sinni varðandi málfar beggja kynja. Leitast skal við að nota nýjstu þýðingu Biblíunnar í öllu starfi kirkjunnar. Jafnréttisfulltrúi sendi út bréf árlega til að minna á þetta.

Ábyrgð: Biskup Íslands og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Allt tímabilið

3. JÖFN LAUN OG KJÖR STARFSFÓLKS

Í lögum nr. 10/2008 er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Samkvæmt 19. gr.⁶ ber hverjum atvinnurekanda að greiða starfsfólki sínu sömu laun og veita sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Starfsfólki er ávallt heimilt, ef það kys svo, að skýra frá launakjörum sínum.

Verkefni 3.1: Árlega verði framkvæmd einföld könnun á launakjörum starfsfólks kirkjunnar og safnaðanna og starfsaðstæðum sjálfboðaliða. Könnunin skal lögð fyrir í lok janúar ár hvert og kynnt á héraðsfundum á vorin. Ef launamunur kemur í ljós sendir Jafnréttisfulltrúi prófasti bréf, sem fylgir málinu eftir. Þannig næst ákveðin yfirsýn með samanburði á milli ára.

Ábyrgð: Þjónustusvið Biskupsstofu, prófastar og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Allt tímabilið eða 2015, 2016, 2017

6 19. gr. Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

4. STAÐA KYNJANNA INNAN KIRKJUNNAR

Við skipan í nefndir og ráð skal fara eftir 15. gr. laga nr. 10/2008⁷ um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig skal þess sérstaklega gætt við ráðningar á starfsfólki sókna og stofnana kirkjunnar sbr. 1. mgr. 18. gr.⁸ og 1. mgr. 20. gr.⁹

Verkefni 4.1: Samhliða könnun á launum og kjörum starfsfólks verði birtar í Árbók kirkjunnar og á heimasíðu jafnréttisnefndar upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnrum kirkjunnar.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúi vinni að greiningu á hlut kvenna og karla innan kirkjunnar.

Tímamörk: Birtist í Árbók kirkjunnar 2015, 2016 og 2017

Verkefni 4.2: Mikilvægt er að upplýsa valnefndir um lagalegar skyldur þeirra gagnvart jafnréttislögum og jafnréttisstefnu kirkjunnar. Mannauðsstjóri kirkjunnar sendi valnefndum bréf í hvert skipti sem kemur að því að velja prest. Þar sé farið yfir skyldur nefndarinnar, auk þess sem gefnar eru upplýsingar um stöðu jafnréttismála t.d. með því að tiltaka fjölda presta af hvoru kyni á samstarfssvæðinu sem og í prófastsdæminu. Mannauðsstjóri skal senda formlega ábendingu til valnefnda ef kynjahlutfall innan nefndarinnar er ekki í samræmi við jafnréttisstefnu kirkjunnar.

Ábyrgð: Mannauðsstjóri og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Sístætt verkefni.

Verkefni 4.3: Kirkjuþing setji á fót starfshóp til að leita leiða til að kjósa bæði konur og karla í lýðræðislegum kosningum, eins og t.d. til kirkjuþings. Að finna leiðir að kosningafyrirkomulagi sem tryggi jafnan hlut kvenna og karla á kirkjuþingi og í kirkjuráði.

Ábyrgð: Kirkjuþing

Tímamörk: Í mars 2015 ljúki fyrir haustþing 2016

7 15. gr. Þáttaka í nefndum, ráðum og stjórnrum á vegum hins opinbera. Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opin- berra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Þegar tilnefnt er í nefnd- ir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. máls. Þegar hlutfægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

8 18. gr. 1. mgr. Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að stórflokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

9 20. gr. 1. mgr. Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

5. SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS

Starfsfólki kirkjunnar skal auðveldað að samræma fjölskyldu og atvinnulíf.

Verkefni 5.1: Að gera konum og körlum sem starfa hjá kirkjunni kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð. Mikilvægt er að starfsfólk njóti sveigjanleika eins og kostur er. Þá er mikilvægt að hvetja bæði kynin til að nýta fæðingarorlof og jafnframt að hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

Ábyrgð: Prófestar og vígslubiskupar

Tímamörk: Sístætt verkefni.

Verkefni 5.2: Sóknarnefndir verði reglulega minntar á ofangreint ákvæði. Kirkjuráð og Biskupsstofa geri skýrslu um hvernig starfsfólki kirkjunnar hefur tekist að samræma starf sitt og fjölskyldulíf.

Ábyrgð: Kirkjuráð, vígslubiskupar og þjónustusvið Biskupsstofu.

Tímamörk: Vor 2016

6. ENDURSKOÐUN FRAMKVÆMDAÁÆTLUNAR

Jafnréttisnefnd leggi mat á jafnréttisstefnuna og endurskoði framkvæmdaáætlun hennar.

Verkefni 6.1: Fyrir 1. júní 2017 skili nefndin tillögu að nýrri framkvæmdaráætlun til biskups og kirkjuráðs. Hún verði lögð fyrir kirkjuþing haustið 2017 og taki gildi 1. janúar 2018.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd kirkjunnar

Tímamörk: 1. júní 2017

V. Niðurlag

Biskup Íslands ber ábyrgð á jafnréttisstefnu kirkjunnar. Biskup, vígslubiskupar, kirkjuráð, prófastar, vígðir þjónar kirkjunnar, sóknarnefndir og stofnanir kirkjunnar bera ábyrgð á að farið sé að jafnréttislögum og að jafnréttisstefnunni sé framfylgt, hver á sínu starfssvæði.

Á vegum kirkjunnar er starfandi Fagráð um meðferð kynferðisafbrotá innan kirkjunnar sem fjallar um kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni skv. 22. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008¹⁰. Fagráðið starfar samkvæmt starfsreglum kirkjupings¹¹.

¹⁰ 22. gr. **Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.** *Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagsamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.*

¹¹ Starfsreglur um meðferð kynferðisbrotá innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998



ÞJÓDKIRKJAN

www.kirkjan.is